

Drög að orkustefnu fyrir Ísland sem til kynningar er í janúar-febrúar 2011.**Umsögn Kristjáns Þ. Halldórssonar, Kópaskeri**

Drög að orkustefnu eru um margt hið athyglisverðasta plagg og væri vel við hæfi að um það skapaðist lífleg umræða meðal almennings. Í því samhengi er frestandi að spyrja hvort þessi drög að orkustefnu hafi verið kynnt almenningi utan höfuðborgarinnar, t.d. með opnum fundum?

Á síðu 3 er fjallað um erindisbréf starýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu. Þar segir m.a. „Stýrihópurinn skal sérstaklega fjalla um möguleika á að nýta orkulindirnar og sérþekkingu okkar og reynslu á sviði orkumála til atvinnuuppbyggingar á næstu árum.“ Meðal annars í því ljósi eru nokkur atriði sem koma upp í hugann við lesturinn.

Síða 5, kafli 1.5 Framkvæmd - Í 3. lið segir „**Tengd stefnumótun.** Við aðra stefnumótun á vegum ríkisins verði litið til markmiða orkustefnu þar sem við á. Dæmi um þetta eru byggðastefna og landsskipulagsstefna⁷.“ Hér, sem og annars staðar í skýrslunni saknar undirritaður hins gagnstæða, það er að orkustefna taki mið af markmiðum stjórnvalda og byggðastefnu hvað varðar áherslur á nýtingu orkuauðlinda. Því er lagt til að við þennan lið bætist eftirfarandi texti: „...Einnig á það gagnstæða við hér, að orkustefna fjalli á hverjum tíma um tækifæri sem gefast til markvissrar nýtingar orkuauðlinda til að ná árangri sem stefnt er að þróun í byggðamálum.“ Mun þetta falla vel að ofangreindum texta á 3. síðu um erindisbréf stýrihópsins.

Síða 7, kafli 2 Inngangur – í þriðju málsgrein væri við hæfi að bæta við setningu um tengingu við byggðastefnu, eitthvað í þessa veru: „...Sérstaklega verði litið til þess með hvaða hætti orkustefna fyrir Ísland getur fjallað um markvissar aðgerðir til að styðja við byggðastefnu á hverjum tíma.“

Sem dæmi um það sem undirritaður á hér við má nefna að miðað við núverandi þekkingu má telja víst að í Þingeyjarsýslum sé mjög mikil orka fólgin í háhita og einnig í lághita. Þetta er jafnframt annað þeirra svæða landsins sem búa við gnægð ferskvatns. Við þetta bætist mikið landrými á Norðausturlandi. Með markvissri nýtingu „heimafenginnar“ orku á Norðausturlandi gæti náðst umtalsverður árangur í styrkingu byggðar, íslensku samfélagi öllu til hagsbóta. Hinn landshlutinn sem býr við sambærilegar auðlindir, þ.e. SV-hornið, hefur á síðustu öld og það sem af er þessari öld notið gríðarlegrar samþjöppunar atvinnutækifæra og á þetta ekki síst við um opinbera þjónustu.

Síða 9, kafli 4.1 Þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar. Í töflu er talað um að tenging milli „orkuframboð henti fjölbreyttu atvinnulífi“ og „Samfélagslegir þættir“ sé hálfmáni (óveruleg tengs). Hér væri réttara að hafa heilan punkt, enda getur markviss nýting orku haft veruleg samfélagsleg áhrif sbr. punkta hér á undan.

Síða 10, kafli 4.1.2 Samfélagslegir þættir. Hér finnst undirrituðum enn skorta á tilvísun í byggðamál í síðustu málsgreininni. Þar mætti bæta eftirfarandi við: „... Ekki síst má nýta orkustefnu til markvissra aðgerða í byggðamálum.“ Sama athugasemd á við um kafla 4.1.3 strax á eftir.

Síða 12, kafli 10 Orkuþörf mætt með öruggum hætti. Í annarri málsgrein er lagt til að texti breytist þannig: „Þar er átt við að næg orka, á viðeigandi og fjölbreyttu formi, sé jafnan fyrir hendi til að mæta þörfum heimila, grunnþjónustu og almenns atvinnulífs **um land allt**, hvort sem er“

Síða 18, kafli 6.1 Verndargildi náttúru. Undirritaður telur að ekki hafi verið færð rök fyrir fullyrðingu í síðustu málsgrein kaflans og er ljóst að það sem einum finnst óhugsandi kann að vera ásættanlegt í augum annars. Því er lögð til eftirfarandi breyting: „Á sumum svæðum geta hagsmunir ferðaþjónustu og orkunýtingar farið saman, en á öðrum geta hagsmunir stangast á og því þarf að vega og meta hvert tilvik af kostgæfni.“

Síða 20, kafli 6.3 Skipuleg forgangsröðun virkjanakosta. Í síðustu málsgrein er lagt til að við bætist „hagkvæmir eru“, í textann „..... athygli og fjármagni að þeim kostum sem **hagkvæmir eru**, ásættanlegastir þykja hvað umhverfis.....“.

Í sama kafla, undir markmiðumk, 1 mgr., er lagt til að við bætist „hagkvæmni“ í textann „.....þarfar þjóðfélagsins hvað varðar atvinnustarfsemi, **hagkvæmni**, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og“.

Síða 23, kafli 6.6 Flutningskerfi raforku. Undirrituðum þykir markmiðum áfátt í þessum kafla, en einungis er sett það markmið að takmarka umhverfisleg áhrif. Meginmarkmið með flutningskerfi raforku hlýtur hins vegar að tryggja landsmönnum jafnan aðgang að raforku og öryggi afhendingar. Enn fremur að tryggja að skortur á flutningsmöguleikum verði ekki til að koma í veg fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Er hér lagt til að markmið verði endurskoðuð með tilliti til ofanritaðs. Í sama kafla, þykir undirrituðum skorta á leiðir í samræmi við nefnt markmið. Það hlýtur að vera mikilvægt að Landsnet vinni áfram að styrkingu byggðalínu þannig að flytja megi orku hnökralítið sem víðast um land, en jafnframt að lágmarka áhrif á umhverfi svo sem kostur er.

Síða 27, kafli 7.1 Vinnanleg orka. Í texta um markmið segir „Að auðlindum fallvatns og jarðvarma verði ráðstafað af kostgæfni í ljósi þess að þær eru takmarkaðar.“ Hér er lagt til að nota „með ábyrgum hætti“

Í stað orðsins „kostgæfni“, en hér mætti túlka kostgæfni þannig að ráðstafa öllum auðlindunum þ.e. samviskusamlega, frekar en að það eigi að gera með aðgát.

Síða 28, kafli 7.2. Arður af auðlindunum. Í þessum kafla er leitt getum að því að miðað við tilteknar forsendur megi reikna út að framlegð af raforkuvinnslu gæti orðið allt að 190 milljarðar króna á núverandi gengi USD. Ekki skal fullyrt hvort líklegt er eða ólíklegt að þetta gangi eftir, en hér er lagt til, annars vegar að meira verði gert úr fyrirvörum hvað forsendur varðar og einnig hitt að þegar svo stórar tölur eru til umfjöllunar verði að minnsta kosti gerð grein fyrir óvissu og viðkvæmni niðurstöðu fyrir breytingu í meginforsendum. Það mætti til dæmis gera með því að birta línurit yfir þróun framlegðar með tilliti til breytinga á 2 – 3 meginstærðum forsendna. Má segja að undanfarin ár hafi verið byggt nóg af skýjaborgum og væntingar um auðfenginn gróða í huga landsmanna þó ekki bætist þessi við. Hafi menn á hinn bóginn væntingar um að þetta gangi eftir væri rétt að huga strax að því með hvaða hætti hið opinbera hyggst ráðstafa þeim fjármunum sem þannig myndast og kunna að koma í hlut ríkis og sveitarfélaga. Má nefna olíusjóð í Noregi og hugmyndir á Grænlandi um ráðstöfun væntanlegs olíuhagnaðar í þessu sambandi.

Síða 29, kafli 7.2. Efst á síðunni er talað um að ef komast á nálægt áðurnefndri framlegð sé mikilvægt að verðlagning orku færist nær því sem gerist á meginlandsmörkuðum. Um þetta er að segja að vonandi tekst Íslendingum að fá sanngjarnt verð fyrir nýtingu orkuauðlinda, svo og annarra auðlinda. Það þarfnast hins vegar mjög rækilegrar skoðunar hvaða leiðir á að fara. Til dæmis er mjög mikilvægt að dreifa áhættu og í því sambandi er vert að huga að því öryggi sem langtímasamningar um orku gefa á fyrstu áratugum hvernir virkjunar, það er á meðan virkjunin er enn skuldsett. Með því að festa raforkusölu að miklu leyti í skammtímasamninga gæti orðið algert hrun ef efnahag heimsins hrakar skyndilega. Hvað varðar samanburð við verð á meginlandsmörkuðum þarf að gæta vel að því hvers kyns sú starfsemi (iðnaður) er sem greiðir hærra verð og meta með raunsæjum hætti hvort mögulegt er og hvernig ætti að laða að starfsemi með sambærilega greiðslugetu fyrir orku.

Í sama kafla, undir markmiðum, er talað um að verð útseldrar orku færist nær því sem þekkist á meginlandsmörkuðum Evrópu. Í þessu sambandi er rétt að benda á að lágt raforkuverð til heimila er áhrifabáttur í vali á búsetu og eykur samkeppnishæfni Íslands með tilliti til annarra landa. Einnig skiptir þessi þáttur máli varðandi val á búsetu eftir landshlutum og því þarf að varast aðgerðir sem t.d. skerða samkeppnisstöðu landsbyggðar. Nú þegar hefur verið fallið frá jöfnun raforkukostnaðar að nokkru leyti og búa dreifðar byggðir, einkum sveitabærir, við mikið misrétti að þessu leyti. Mætti hugsa sér að hér bætist við markmið um að hagstæð kjör á raforku verði notuð sem aðdráttarafli fyrir svæði sem hafa átt undir högg að sækja.

Síða 29, kafli 7.3 Eignarhald, fjármögnun og áhætta í rekstri orkuvinnslufyrirtækja. Efst á síðunni er talað um að „Hætta er á að arðsemi einstakra verkefna hafi í fortíð verið eða gæti í framtíð orðið ofmetin vegna þessa“. Ekki skal deilt um að þetta gæti verið raunin. Athyglisverð eru þó í þessu ljósi nýleg ummæli sem mig minnir að forstjóri Landsvirkjunar hafi látið falla, í þá veru að ef lítið yrði framkvæmt gæti fyrirtækið orðið skuldlaust eftir 10 ár. Það bendir ekki til þess að mikið hafi verið um vanhugsaðar fjárfestingar fram að þessu.

Á sömu síðu er fjallað m.a. um hagstætt raforkuverð. Mjög mikilvægt er að hverjar sem breytingar verða á raforkumarkaði að þá komi ekki til mikillar verðhækkunar og alls ekki þannig að það verði landsbyggð í óhag. Jafnframt bent á að það verði kannað hvort nota má raforkuverð í því skyni að jafna búsetukostnað á milli landshluta eða hvetja fyrirtæki til að hefja starfsemi á tilteknum svæðum sem hafa átt undir högg að sækja.

Síða 31, umfjöllun um afgangur af auðlindanýtingu og skatta. Í þessu samhengi er mjög mikilvægt að ekki verði gerðar óraunhæfar væntingar um afgangur, þannig að þau letji til eða komi í veg fyrir skynsamlega nýtingu. Einnig að verði um verulegar upphæðir að ræða er full þörf á að ræða leiðir til að koma í veg fyrir að þannig fengnir fjármunir trufla hagkerfið um of og leiði til misskiptingar, t.d. á milli sveitarfélaga. T.d. mætti huga að stofnun „orkusjóðs“ sem hefði það hlutverk að jafna sveiflur eða þjóna sem varasjóður á erfiðu árferði.

Síða 33, kafli 7.4. Leiga á vatns- og jarðhitaréttindum. Í markmiðum undir þessum kafla verður ekki séð að vikið sé að möguleikum þess að nýta hugsanlega fjármuni til að hafa jákvæð og markviss áhrif á búsetuþróun. Er hér mælt með því að bætt verði við markmiðin í þessu skyni. Í kafla um leiðir vantar sömuleiðis alla tilvísun í markvissa byggðastefnu. Hvernig væri til dæmis að ákveða strax að staðsetja nefndan orkusjóð utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. á Kópaskeri eða á einhverjum álíka stað sem hefur mátt þola síendurtekin áföll í atvinnumálum og skerðingu opinberrar þjónustu án þess að nokkuð hafi verið að gert!

Síða 35, kafli 8 Hámörkun þjóðhagslegrar hagkvæmni. Í þessum kafla saknar undirritaður enn sem fyrr tilvísun í markvissar aðgerðir í byggðamálum. Þannig má hugsanlega leiða rök að því að ef mælt er á fjárhagslegan hagkvæmni mælikvarða til skamms tíma eingöngu, sé skynsamlegt að stefna sem flestum íbúum landsins á eitt svæði – höfuðborgarsvæðið. Það er hins vegar synd að setja saman svo viðarmikið plagg um eina af mikilvægust auðlindum þjóðarinnar og hvernig á að nota þær, án þess að það sé tengt vilja til að horfa lengra fram á veginn hvað varðar áhrif á búsetuþróun.

Síða 39, efsta línan. Hlýtur að vera stafsetningarvilla þar sem skrifað er „sorpögösun“.

Síða 39, kafli 8.6 Sæstrengir til flutnings raforku milli markaða. Í fjórðu málsgrein er talað um smásöluverð með tilliti til tengingar við aðra markaði. Í lokin er talað um að „- nema gripið yrði til sérstakra mótvægisáðgerða.“ Það er afar mikilvægt að áður en legra er haldið verði greint vandlega hvaða möguleikar eru til slíkra mótvægisáðgerða og í hverju þær gætu verið fólgnar. Það yrði dapurleg staða ef tenging milli landa væri í býgerð eða komin á og það kæmi svo í ljós að sameiginlegar reglur EES/EB komi í veg fyrir sértækar áðgerðir. Það gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar í búsetuþróun á landinu.

Síða 41, kafli 9 Uppbygging fjölbreytts atvinnulífs. Í kaflanum er fjallað um nettóinnflutning vöru. Er greiningin hin áhugaverðasta, en einhvern vegin hljómar það ekki sannfærandi að heilu atvinnugreinaflokkarnir noti lítil eða engin erlend aðföng. Hvernig er til dæmis með olíu sem notuð er við flutning á fiski á milli hafna á landinu eða olíu í fiskimjölsverksmiðjum. Hvernig er það með olíu á öll farartækin sem notuð eru til að flytja hundruð þúsunda ferðamanna á milli staða á landinu og hvernig er með önnur aðföng þjónustu við sama hóp, svo sem matvöru ofl.? Leggur undirritaður til að betur verði farið í saumana á þessum tölum áður en þær birtast í endanlegri skýrslu.

Síða 43, kafli 9.1 Virkjanakostnaður og kaupendur. Í þriðju málsgrein er fjallað um sameiginlega áhættu kaupanda og seljanda. Þar kemur fram að þetta geri útreikinga ógangnsærri. Hitt er ekki nefnt að á sama hátt og þetta dreifir áhættu, þá skiptir það ávinningi af hækkandi afurðaverði. Hafi grunnútreikningar miðað við tiltölulega varfærnar spár um verð afurða, getur ávinningur orðið mjög verulegur umfram það sem vænst var. Hér er lagt til að undir leiðir verði bætt við þeim punkti að orkufyrirtæki í opinberri eigu efla starfsemina í samstarfi við núverandi kaupendur.

Síða 46, kafli 9.3 Fjölbreyttara orkuframboð. Lagt er til að við bætist markmið um nýtingar orkuauðlinda til að hafa markviss áhrif á búsetuþróun. Einnig verði bætt við þeirri leið að samningar við stærri kaupendur verði á hverjum tíma gerðir þannig að þeir tryggi rekstur skuldsettra (nýlegra) virkjana amk. þar til lán hafa að verulegu leyti verið greidd og þær þoli meiri áhættu í rekstri.

Síða 48, kafli 9.4. Iðngarðar. Hér væri gullið tækifæri að koma á framfæri sýn um hvernig nota mætti hugtakið iðngarða til markvissrar uppbyggingar á landsbyggðinni.

Fleiri athugasemdir verða ekki gerðar að sinni, en vonandi verða einhverjar ofanritaðra athugasemda til að vekja hópinn til umhugsunar, einkum er varðar málefni landsbyggðar tengd orkustefnu.

Virðingarfyllt,

Kristján Þ. Halldórsson

Rekstrarverkfræðingur,

Boðagerði 13, 670 KÓPASKER